# Fundargerð 303. fundar sveitarstjórnar Flóahrepps

**Fundarstaður:** Þingborg
**Fundardagur:** þriðjudagur 17. september 2024
**Fundartími:** 16:00-17:40
**Fundarmenn:** Árni Eiríksson, oddviti
Hulda Kristjánsdóttir, sveitarstjóri
Walter Fannar Kristjánsson
Harpa Magnúsdóttir
Hjalti Guðmundsson

Árni Eiríksson oddviti setti fund, bauð fundargesti velkomna og leitaði athugasemda við fundarboð. Engar athugasemdir gerðar. Hulda Kristjánsdóttir ritaði fundargerð.

1. **Fundargerð skipulagsnefndar nr. 287, dags. 11.09.2024**

   a) **Eystri-Loftsstaðir 11 L227156; Brimhólar; Breytt heiti lóðar – 2408031**

   Lögð er fram umsókn um breytingu á staðfangi landeignarinnar Eystri-Lofsstaðir 11 L227156. Óskað er eftir að landeignin fái heitið Brimhólar. Fyrir liggur rökstuðningur eigenda fyrir nafninu

   *Skipulagsnefnd UTU gerir ekki athugasemd við framlagða beiðni um breytt staðfang landsins og mælist til þess að sveitarstjórn Flóahrepps samþykki erindið. Að mati nefndarinnar væri æskilegt að Brimhólar verði staðvísir lóða innan svæðisins og skráning staðfanga annarra lóða við sömu aðkomu taki mið af því. Mælist nefndin til þess að sveitarstjórn Flóahrepps taki afstöðu til þess hvort nýr staðvísir lóða Eystri-Loftsstaða 1-11 skuli vera Brimhólar, samhliða verði númering lóðanna lagfærð í takt við aðkomu lóðanna.*

   Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir framlagða beiðni um breytt staðfang landsins Eystri-Loftsstaðir 11 L227156 og að það fái staðfangið Brimhólar. Sveitarstjórn Flóahrepps fer ekki fram á að staðvísir lóða með sömu aðkomu verði Brimhólar og halda þau landnúmer fyrri staðföngum.

   Samþykkt með 5 atkvæðum.

   b) **Mýrar L166366; 8 smábýli; Deiliskipulag – 2405052**

   Lögð er fram tillaga nýs deiliskipulags sem tekur til jarðarinnar Mýrar L166366 í Flóahreppi eftir kynningu. Svæðið er skilgreint sem landbúnaðarland í flokki I-II í aðalskipulagi Flóahrepps 2017-2029 og hefur ekki áður verið deiliskipulagt. Aðkoma að svæðinu er um Hamarsveg sem er tengivegur og vegtengingum kemur ekki til með að fjölga. Deiliskipulag þetta tiltekur 8 nýjar landspildur (smábýli) ásamt því að tiltaka byggingarreiti innan lóðanna. Umsagnir bárust á kynningartíma skipulagsins og eru þær lagðar fram við afgreiðslu málsins.

   *Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að deiliskipulagið verði samþykkt og að það verði auglýst á grundvelli 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þar sem allar meginforsendur liggi fyrir innan aðalskipulags sveitarfélagsins.*

   Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir framlagt deiliskipulag fyrir Mýrar L166366; 8 smábýli, eftir kynningu og að það verði auglýst á grundvelli 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þar sem allar meginforsendur liggi fyrir innan aðalskipulags sveitarfélagsins.

   Samþykkt með 5 atkvæðum.

2. **Afgreiðslur byggingarfulltrúa nr. 210, dags. 04.09.2024**
Lagðar fram til kynningar.
3. **Erindi frá Sverri Rúnarssyni og Hjalta Viktorssyni f.h. Austur 52 ehf.: Ósk um lóðaúthlutun í Heiðargerði 6**
Fyrir liggur erindi frá Sverri Rúnarssyni og Hjalta Viktorssyni f.h. Austur 52 ehf. Í erindinu er óskað eftir því að fá úthlutaðri lóðinni Heiðargerði 6 L209870 sem er á iðnaðarsvæði (I6) í aðalskipulagi Flóahrepps.
Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir að úthluta lóðinni til Austur 52 ehf. kt. 651011-0150, með fyrirvara um að sveitarfélagið og umsækjendur komist að samkomulagi og gangi frá lóðarleigusamningi um lóðina. Sveitarstjórn leggur áherslu á að framkvæmdir á lóðinni hefjist innan 12 mánaða frá undirritun lóðarleigusamnings. Gatnargerðargjöld skulu innheimt skv. samþykkt fyrir gatnargerðargjöld í Flóahreppi og skulu gatnagerðargjöld taka mið af heildarfermetrafjölda þeirrar byggingar sem heimilt er að reisa að lóðinni. Stærð lóðarinnar Heiðargerði 6 er alls 4833 m2 og nýtingarhlutfall lóðar er 0,3. Sveitarstjóra falið að ganga frá lóðarleigusamningi við Austur 52. ehf. og í kjölfarið innheimtu gatnargerðargjalda skv. 6. gr. samþykkta um gatnargerðargjöld í Flóahreppi.
Samþykkt með 5 atkvæðum.
4. **Erindi frá SASS – Inngildingarverkefni SASS 2024**
Fyrir liggur erindi frá Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga (SASS) þar sem sveitarfélaginu er boðið til þátttöku í verkefni sem hefur það að markmiði að efla sjálfbæra lýðfræðilega þróun og inngildingu erlendra íbúa á Suðurlandi. Verkefnið hefur þegar verið unnið í 4 sveitarfélögum á Suðurlandi og nú er öllum 15 sveitarfélögunum boðið að taka þátt.
Sveitarstjórn Flóahrepps þakkar boð um þátttöku í inngildingarverkefni SASS 2024 en afþakkar boðið að svo stöddu.
Samþykkt með 5 atkvæðum.
5. **Erindi frá Kvennaathvarfinu – Umsókn um rekstrarstyrk fyrir árið 2025**
Fyrir liggur erindi frá Kvennaathvarfinu þar sem óskað er eftir rekstrarstyrk fyrir árið 2025 að fjáhæð kr. 200.000 kr.
Sveitarstjórn Flóahrepps þakkar innsent erindi og vísar því til fjárhagsáætlunargerðar fyrir komandi ár.
Samþykkt með 5 atkvæðum.
6. **Fundargerðir**
   a) Sveitarstjórnar Flóahrepps nr. 302, dags. 03.09.2024
   b) Framkvæmda- og veitunefndar nr. 24, dags. 27.08.2024
   Varðandi lið 1 a) í fundargerð þá vísar sveitarstjórn ákvörðun um möguleg kaup á búnaði í dæluskúr ásamt byggingu á dæluskúr til fjárhagsáætlunargerðar fyrir árið 2025.
   Samþykkt með 5 atkvæðum.
   Varðandi lið 1 b) þá vísar sveitarstjórn ákvörðun um áframhald á lagningu nýrrar lagnar nærri Klængsseli til fjárhagsáætlunargerðar fyrir árið 2025.
   Samþykkt með 5 atkvæðum.
   Varðandi lið 3 þá er sveitarstjóra falið að stilla upp viðauka við fjárhagsáætlun 2024 vegna samþykktra framkvæmda við frárennsliskerfi í Brandshúsahverfinu skv. kostnaðarmati frá Berki Brynjarssyni.
   Samþykkt með 5 atkvæðum.
   c) Stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga nr. 74, dags. 16.08.2024 og nr. 75, dags. 06.09.2024
   d) Stjórnar SASS nr. 612, dags. 22.08.2024
   e) Stjórnar byggðasamlags UTU nr. 113, dags. 28.08.2024

Varðandi lið 1 í fundargerð þá gerir sveitarstjórn Flóahrepps ekki athugasemdir við að hvert sveitarfélag starfræki sína eigin skipulagsnefnd innan síns sveitarfélags, án þess þó að það kalli á breytingu á núverandi fyrirkomulagi skipulagsnefndar UTU og samþykktum UTU hvað þetta mál snertir. Að mati sveitarstjórnar er ekkert sem mælir gegn því að hvert sveitarfélag starfræki þær nefndir sem þau kjósa og skrifi slíka nefnd inn í sínar samþykktir um stjórn sveitarfélagsins, þó að sveitarfélag sé hluti af byggðasamlagi í þessum málum. Að mati sveitarstjórnar gæti slík nefnd tryggt fulltrúum meiri- og minnihluta aðkomu að umræðu um skipulagsmál áður en sveitarstjórn tekur málin fyrir til afgreiðslu.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

f) Ársfundar Arnardrangs hses. dags. 29.08.2024 ásamt skýrslu stjórnar
g) Samráðshóps vegna hringvegar (1) um Ölfusá nr. 7, dags. 30.08.2024
h) Framkvæmdaráðs Almannavarna Árnessýslu nr. 6, dags. 28.08.2024
i) Stjórnar Markaðsstofu Suðurlands nr. 3, dags. 02.09.2024
j) Stjórnar Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings, dags. 10.09.2024
k) Framkvæmdastjórnar Héraðsnefndar Árnesinga bs. nr. 21, dags. 03.09.2024 og nr. 22, dags. 10.09.2024

7. **Efni til kynningar**
a) Frá Mennta- og barnamálaráðuneytinu: Menntaþing 2024
b) Svar Brunavarna Árnessýslu við fyrirspurn sveitarstjórnar Skeiða- og Gnúpverjahrepps frá 03.07.2024
c) Frá Félagi íslenskra landslagsarkitekta (FÍLA): Samkeppnir
d) Glærur frá fundi sveitarstjórnar Flóahrepps og Vegagerðinni frá 12.09.2024
e) Vegna reiðvegar meðfram Þjórsárdalsvegi
f) Bókun sveitarstjórnar Hrunamannahrepps frá 15.08.2024
g) Bókun hreppsnefndar Ásahrepps frá 21.08.2024
h) Bókun sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps frá 04.09.2024
i) Umsagnarbeiðni vegna máls nr. 0900/2024 – Hjálmholt og Áshildarmýri; Vatnsból og vatnsverndarsvæði; Aðalskipulagsbreyting
j) Næsti fundur sveitarstjórnar verður 1. október kl. 16:00 í Þingborg og í beinu streymi.

8. **Trúnaðarmál**
Fært í trúnaðarmálabók.

*Árni Eiríksson (sign)*
*Walter Fannar Kristjánsson (sign)*
*Hjalti Guðmundsson (sign)*
*Hulda Kristjánsdóttir (sign)*
*Harpa Magnúsdóttir (sign)*

# Fundargerð nr. 25
## Framkvæmda- og veitunefnd Flóahrepps

| | |
|---|---|
| **Fundarstaður:** | Þingborg fundarsalur |
| **Fundardagur:** | Þriðjudagur 24. september 2024 |
| **Fundartími:** | 8:15-9:45 |
| **Fundarmenn:** | Heimir Rafn Bjarkason |
| | Hjalti Guðmundsson |
| | Sveinn Orri Einarsson, varamaður fyrir Harald Einarsson |
| | Hulda Kristjánsdóttir, sveitarstjóri |

Að auki sat Börkur Brynjarsson ráðgjafi fundinn ásamt Árna Eiríkssyni oddvita. Atli Lilliendahl og Ívar Atlason komu inn á fundinn undir lið 1.

*Heimir Bjarkason stýrði fundi. Hulda Kristjánsdóttir ritaði fundargerð.*

1. **Huldu- og Maríuhólar – Framkvæmdaaðilar komu inn á fundinn**

   Atli Lilliendahl og Ívar Atlason, framkvæmdaaðilar, komu fundinn til að ræða um þau mál sem snúa að vatnsveitunni.
   Búið að sækja um nýtengingar við Vatnsveitu Flóahrepps fyrir alls 5 lóðir í Huldu- og Maríuhólum líkt og rætt var á fundi snemma í ferlinu. Í fyrsta áfanga uppbyggingar íbúðarbyggðarinnar verður farið að skurði sem þverar svæðið.
   Til stendur að grafa einn lagnaskurð fyrir rafmagn frá Rarik, heitt vatn og kalt vatn ásamt lágspennu og ljósleiðara og er verktaki tilbúinn að fara af stað þegar allt er klárt.
   Börkur Brynjarsson hefur teiknað upp vatnslagnir og tengipunkta vegna kalda vatnsins fyrir Flóahrepp. Lagður verður stofn fyrir kalt vatn að öllum lóðum í fyrsta áfanga með T stykki á endanum. Börkur er að teikna upp skurðsniðin og hefur verið í samtali við Rarik vegna skurðsniða og kostnaðarskiptingar sem Börkur mun klára þegar allar upplýsingar og hönnun liggja fyrir vegna þeirra veitulagna sem eiga að vera í skurðinum.

   *Framkvæmda- og veitunefnd leggur áherslu á að kostnaðarskipting á lagnaskurðinum liggi fyrir áður en framkvæmdir verða hafnar sem og að hönnun á öllum veitulögnum í sameiginlegum lagnaskurði sem er forsenda þess að hægt sé að reikna út og áætla kostnaðarskiptingu þeirra aðila sem koma að málinu. Kostnaður skiptist á milli Flóahrepps (vatnsveita), Rarik, Áshildarmýrar (heitt vatn) og svo framkvæmdaaðila sem sjá um að leggja fyrir ljósleiðara. Flóaljós er ekki inni í framkvæmdinni og bera framkvæmdaaðilar ábyrgð á hönnun og framkvæmd lagna fyrir ljósleiðara.*
   *Einnig leggur nefndin áherslu á að gengið sé frá verklýsingu og verksamningi á milli Flóahrepps og framkvæmdaaðila varðandi þá þætti sem snúa að vatnsveitunni og að fram komi að Flóahreppur fari með eftirlit á kaldavatns lögninni á framkvæmdatímanum en samþykki að framkvæmdaaðili fái sjálfur verktaka í verkið, enda verði kaldavatnslögnin hluti af Vatnsveitu Flóahrepps að framkvæmdatíma loknum.*

2. **Fráveitumál í Brandshúsum – Kostnaðaráætlun og framkvæmdatími**

Gróf kostnaðaráætlun hljóðar upp á rúmar 7 milljónir vegna fráveitumála í Brandshúsahverfinu og verður viðauki lagður fyrir í sveitarstjórn á næsta fundi sveitarstjórnar.
*Verktakar munu hefja vinnu við lagfæringar á allra næstu vikum og leggur nefndin áherslu á að þetta verk klárist fyrir veturinn.*
Rætt um að skoða möguleikann á því að nýta spennistöð sem er til staðar til að koma rafmagni að dælu frekar en að koma upp frádráttarmæli inni í íbúðarhúsi í Brandshúsum.
*Börkur mun skoða þann möguleika.*
*Sveitarstjóri mun óska eftir ráðgjöf varðandi framhaldið á rekstri fráveitukerfis í Brandshúsahverfinu m.t.t. reksturs og ábyrgðar á kerfinu.*

3. **Framkvæmdir á vatnslögn nærri Klængsseli og nýtenging við Stórhólma**

Verktakar í vatnsveitu eru að klára framkvæmd á vatnslögn nærri Holtsvegi og Klængsseli ásamt nýtengingu við Stórhólma. Verið að endurnýja hluta af lögninni núna og svo þarf að setja inn á fjárhagsáætlun næstu ára að klára lögnina alla leið.

4. **Vatnsleysi í 360°hótel 18. september**

Ekki hefur fundist skýring á vatnsleysi sem varð vart að morgni 18. september í 360°hóteli í Mosató. Ekki varð vart við vatnsleysi hjá öðrum notendum.
Rætt var um möguleikann á að setja sírita á lögnina til að reyna að afmarka vandamálið betur. Mögulegt að koma sírita á dælu frá Neistastöðum.
Ljóst er að hótelið verður lokað næstu mánuði vegna framkvæmda hjá nýjum eigendum hótelsins. Sveitarstjóri, oddviti og ráðgjafi í vatnsveitumálum hjá Flóahreppi hafa þegar rætt við nýja eigendur um að eigendur hótelsins komi upp varaafli og miðlunartanki fyrir vatnið til að koma í veg fyrir vatnsleysi ef þrýstingur fellur á vatnsveitu vegna utanaðkomandi þátta svo sem rafmagnsleysis, bilana hjá Selfossveitum eða annars sem getur haft áhrif.
*Börkur mun vinna að málinu áfram áfram.*

5. **Lögn með þjóðvegi 1**

Ljóst er að stofna þarf lóð undir dæluskúr og er þá verið að horfa á staðsetningu ca. Uppsalaveg eða Túnsveg með vegtengingu inn á annan hvorn veginn. Dæluskúrinn myndi vera afgirtur. Bygging á dæluskúr líklega tilkynningaskyld en ekki leyfisskyld.
Dæluskúr á þessum stað á að halda réttum þrýstingi á lögninni meðfram þjóðvegi 1 og minnka þá álagið á dæluna við Þingborg ásamt því að tryggja að þrýstingur verði á lagnirnar sem liggja frá þessari lögn.

Börkur er að vinna að því að fá grófa áætlun á þann rafmagnsbúnað sem þarf ásamt því að fá verð í teiknivinnu fyrir dæluskúr. Fyrstu drög að kostnaðaráætlun vegna rafmagnsbúnaðar er í kringum 15 milljónir og eru það þá stýringar og annað sem þarf.
Nefndin leggur áherslu á að kanna verð vegna teikninga og skoða hvort notast megi við teikningar af dæluskúr við Þingborg til að draga úr kostnaði.
*Lögð áhersla á að fara í teiknivinnu og undirbúning á þessari framkvæmd svo sem stofnun á lóð og að keyptur sé búnaður ef rými er innan fjárhagsáætlunar 2024. Nefndin leggur til að sveitarstjórn tryggi fjármagn í fjárhagsáætlun næsta árs til að klára þessa framkvæmd. Nefndin mun skila inn gögnum til sveitarstjórnar vegna ítarlegri kostnaðar.*

*Sveitarstjóri mun tala við landeigendur við Uppsali og Tún vegna möguleika á lóð undir dæluskúr fyrir næsta fund nefndarinnar.*

6. Önnur mál

   a) Börkur leggur áherslu á að hluti af fjármagni sem eftir er til fjárfestinga á árinu 2024 verði sett í eftirlitskerfi í vatnsveitunni. Koma þarf upp skjámyndakerfi og sírita og klára að tengja alla dæluskúra við ljósleiðara til að gera alla vöktun skilvirkari og betri.
   *Börkur tekur saman kostnaðaráætlun vegna eftirlitskerfis á vatnsveitunni.*
   *Sveitarstjóri tekur saman stöðu á fjárhagsáætlun vatnsveitunnar fyrir næsta fund.*
   b) Nefndin óskar eftir því að verktakar með verksamning við Flóahrepp vegna vatnsveitunnar komi inn á næsta fund nefndarinnar.
   *Sveitarstjóri boðar verktaka á fund.*
   c) Á næsta fundi nefndarinnar þarf að lista upp þau forgangsverkefni sem þarf að huga að í fjárhagsáætlun Flóahrepps sem nær til 2025 og næstu þriggja ára þar á eftir.

**Næsti fundur framkvæmda- og veitunefndar verður 15. október kl. 8:00 í Þingborg.**

*Fundargerð rituð af Huldu Kristjánsdóttur, sveitarstjóra*



RAFRÆNT UNDIRRITAÐ
Hulda Kristjánsdóttir
Kt. 3001843249
Dags. 26.9.2024 15:25:36
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAÐ
Sveinn Orri Einarsson
Kt. 1502963239
Dags. 26.9.2024 15:27:18
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAÐ
Heimir Rafn Bjarkason
Kt. 2005824899
Dags. 27.9.2024 08:22:15
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAÐ
Hjalti Guðmundsson
Kt. 2609694479
Dags. 27.9.2024 12:36:44
Ástæða: Undirritun

Selfossi, 9.9.2024

# Fundargerð stjórnar

************************

**21. fundur stjórnar *Brunavarna Árnessýslu* haldinn mánudaginn 9.september 2024, kl. 15:45 í Björgunarmiðstöðinni á Selfossi.**

**Mætt: Helgi Kjartansson (formaður), Fjóla Steindóra Kristinsdóttir, Bragi Bjarnason, Árni Eiríksson, Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir, Pétur Pétursson, Lárus Kristinn Guðmundsson og Unna Björg Ögmundsdóttir sem ritaði fundargerð.**

1. **Svarbréf við erindi frá sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps til stjórnar BÁ**
   Pétur kynnti svarbréf við erindi frá sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps til stjórnar BÁ. Umræður. Pétri falið að senda svarbréfið til Skeiða- og Gnúpverjahrepps auk þess að senda afrit á öll aðildarsveitarfélög BÁ.

2. **Vígsla dælubifreiðar BÁ í Hveragerði**
   Pétur sagði því að nýi dælubíllinn í Hveragerði hefur verið notaður í nokkrum útköllum og almenn ánægja með hann. Fyrirhugaður vígludagur er 27. september kl 16:00.

3. **Staða byggingamála á Laugarvatni**
   Pétur fór yfir stöðu byggingamála á nýrri tækja- og búnaðargeymslu á Laugarvatni. Byggingaframkvæmdir ganga vel.

4. **Samsetning vinnuhóps vegna fyrirhugaðrar byggingar björgunarmiðstöðvar á Flúðum**
   Pétur sagði frá því að setja þurfi saman vinnuhóp vegna fyrirhugaðrar byggingar björgunarmiðstöðvar á Flúðum. Samþykkt að vinnuhópinn skipi tveir úr stjórn BÁ, Árni og Helgi, og tveir frá Björgunarfélaginu Eyvindi. Lárusi falið að boða til fundar í vinnuhópnum.

5. **Önnur mál**
   a. **Haustfundur Héraðsnefndar**
      Haustfundur Héraðsnefndar verður 15.október. Drög að fjárhagsáætlun BÁ fyrir 2025 verður kynnt á næsta stjórnarfundi.

Fleira ekki gert.
Fundi slitið kl. 17:00

# Undirritunarsíða

Formaður stjórnar
Helgi Kjartansson

Undirritað af:
Helgi Kjartansson
0211715499
Dags: 17.09.2024
Tími: 10:56:52
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: e5b50f37-28f9-4fed-a004-35b9a4349139

Fjóla Steindóra Kristinsdóttir

Undirritað af:
Fjóla Steindóra Kristinsdóttir
2702725849
Dags: 17.09.2024
Tími: 08:54:20
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: e5b50f37-28f9-4fed-a004-35b9a4349139

Bragi Bjarnason

Undirritað af:
Bragi Bjarnason
2504815359
Dags: 17.09.2024
Tími: 11:43:00
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: e5b50f37-28f9-4fed-a004-35b9a4349139

Árni Eiríksson

Undirritað af:
Árni Eiríksson
0809664589
Dags: 17.09.2024
Tími: 09:25:19
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: e5b50f37-28f9-4fed-a004-35b9a4349139

Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir

Undirritað af:
Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir
2601794709
Dags: 17.09.2024
Tími: 11:01:17
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: e5b50f37-28f9-4fed-a004-35b9a4349139

Slökkviliðsstjóri
Pétur Pétursson

Undirritað af:
Pétur Pétursson
2108735979
Dags: 17.09.2024
Tími: 08:55:46
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: e5b50f37-28f9-4fed-a004-35b9a4349139

Varaslökkviliðsstjóri
Lárus Kristinn Guðmundsson

Undirritað af:
Lárus Kristinn Guðmundsson
0803843199
Dags: 17.09.2024
Tími: 09:04:08
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: e5b50f37-28f9-4fed-a004-35b9a4349139

Fundarritari
Unna Björg Ögmundsdóttir

Undirritað af:
Unna Björg Ögmundsdóttir
0310795359
Dags: 17.09.2024
Tími: 13:09:37
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: e5b50f37-28f9-4fed-a004-35b9a4349139

# 613. fundur stjórnar SASS

## fjarfundur

## 13. september 2024, kl. 12:30 – 14:15

Þátttakendur: Anton Kári Halldórsson formaður, Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir, Árni Eiríksson, Brynhildur Jónsdóttir, Arnar Freyr Ólafsson, Gauti Árnason, Sigurbjörg Jenný Jónsdóttir og Njáll Ragnarsson. Jóhannes Gissurarson boðaði forföll og í hans stað kom Einar Freyr Elínarson. Einnig tekur þátt Bjarni Guðmundsson framkvæmdastjóri sem jafnframt ritar fundargerð. Fundarmenn tengjast fundinum með fjarfundahugbúnaði.

Formaður býður fundarmenn velkomna á fundinn.

1. **Fundargerð**

   Fundargerð 612. fundar lögð fram til kynningar en hún hefur verið undirrituð með rafrænum hætti.

2. **Ársþing SASS 2024**

   a. Formaður kynnir undirbúning og uppfærð drög að dagskrá ársþings SASS 2024. Farið er yfir hugmyndir að mögulegu þema og umræðuefni. Niðurstaða stjórnar er að fara yfir starfsemi samtakanna og Sóknaráætlun Suðurlands 2025 – 2029 sem er framhald af vinnufundinum á aukaaðalfundi samtakanna í Vestmannaeyjum. Formanni og framkvæmdastjóra falinn undirbúningur og útfærsla samkvæmt umræðum á fundinum.

   a. Starfsskýrsla
   Er í vinnslu.

   b. Fjárhagsáætlun SASS 2025
   Er í vinnslu og stjórn vísar henni til umræðu í Fjárhagsnefnd.

   c. Nefndastörf
   Formaður kynnir tillögu að skipan formanna og starfsmanna SASS í starfsnefndir:

| Heiti nefndar | Formaður | Starfsmaður nefndar |
|---|---|---|
| Allsherjarnefnd | Árni Eiríksson | Bjarni Guðmundsson |
| Mennta- og menningarmálan. | Sandra Sigurðardóttir | Álfheiður Ingólfsdóttir |
| Umhverfis- og skipulagsnefnd | Jóhannes Gissurarson | Elísabet Björney Lárusdóttir |
| Velferðarnefnd | Brynhildur Jónsdóttir | Guðrún Herborg Hergeirsd. |
| Atvinnumálanefnd | Sigurbjörg Jenný Jónsdóttir | Þórður Freyr Sigurðsson |
| Samgöngunefnd | Arnar Freyr Ólafsson | Ingvi Már Guðnason |
| Fjárhagsnefnd | Eyrún Fríða Árnadóttir | Bjarni Guðmundsson |

   Stjórn staðfestir þessa skipan.

Kjörbréfa- og kjörnefnd verður einnig að störfum en formaður hennar er Aldís Hafsteinsdóttir og Ingvi Már Guðnason er starfsmaður nefndarinnar.

Í næstu viku verða kynningarfundir haldnir fyrir formenn og starfsmenn milliþinganefnda. Á fundinum verður farið yfir skipan nefnda, efnistök, verklag, hlutverk og hvernig skila skuli niðurstöðum nefnda til SASS til að þær geti fylgt gögnum til þingfulltrúa. Ráðgert er að boða til fyrstu funda hjá nefndum í næstu viku. Efnistök nefnda byggja á vinnufundinum á aukaaðalfundinum í Vestmannaeyjum og vinnufundi stjórnar í ágúst sl.

Stjórn leggur áherslu á að nefndir skili stuttum og hnitmiðuðum niðurstöðum.

3. **Sóknaráætlun Suðurlands 2025 - 2029**

Formaður kynnir að uppfærð verk- og tímaáætlun við gerð stefnumörkunar Sóknaráætlunar Suðurlands 2025 – 2029 liggi fyrir fundinum. Einnig liggja fyrir helstu atriði frá vinnufundinum á aukaaðalfundi samtakanna í Vestmannaeyjum í júní sl.

Stefnumörkun fyrir Sóknaráætlun hófst á aukaaðalfundinum í Vestmannaeyjum í sumar. Í sumar og þar til í síðustu viku hefur herferð verið í gangi og kynningarefni hefur verið birt á samfélagsmiðlum til að kynna áætlunina fyrir íbúum Suðurlands. Markmiðið var a.m.k. 85% af íbúum á Suðurlandi myndu sjá auglýsingar um sóknaráætlunina, a.m.k. 7 sinnum. Það tókst og gott betur en auglýsingar náðu til 46.459 einstakra notenda, sem er meira en 100% af skráðum íbúum á Suðurlandi og hver einstaklingur sá auglýsinguna að meðaltali 9 sinnum. Myndböndin vöktu athygli og einstaklingar sem byrjuðu að horfa á myndböndin voru líklegir til að horfa á þau til enda. Myndböndin voru spiluð 64.338 sinnum á miðlum Meta (Instagram og Facebook) og á YouTube.

Tökur standa yfir fyrir næsta hluta herferðarinnar og til að tryggja betri dreifingu verður markhópnum enn frekar skipt upp. Myndböndin verða nýtt til þess að keyra traffík inn á lendingarsíðu sem verður sett upp með þremur þemum. Þar verða kynningarmyndbönd sem kynna þessi þemu og síðan leiðir þema sem viðkomandi hefur mestan áhuga á, inn á Typeform þar sem spurningar verða. Í framhaldi verða unnar úr þeim spurningar sem lagðar verða fyrir á fundi með rýnihópum. Þegar allri vinnu með rýnihópum er lokið verður hægt að kynna niðurstöður fyrir Sunnlendingum með tveggja vikna herferð á samfélagsmiðlum. Myndband verður sent út sem leiðir á lendingarsíðu með frekari upplýsingum en með því næst til allra sem tóku þátt í fyrri herferð.

4. **Önnur mál til kynningar og umræðu**

a. Fundargerðir m.a. stjórna annarra landshlutasamtaka

Lagðar fram til kynningar; fundargerð 152. fundar stjórnar Austurbrúar, fundargerð 3. fundar stjórnar SSA, fundargerðir 582. og 583. funda stjórnar SSH, fundargerðir 111. og 112. funda stjórnar SSNV, fundargerð 65. fundar stjórnar SSNE, fundargerðir 60. – 62. funda stjórnar Vestfjarðastofu, fundargerð 3. fundar stjórnar MSS, fundargerð ársfundar Vestfjarðastofu og fundargerð 98. fundar stýrihóps stjórnarráðsins.

b. Skýrsla framkvæmdastjóra

Framkvæmdastjóri kynnir helstu verkefni frá síðasta fundi s.s. heimsókn fulltrúa og stjórnar Byggðastofnunar á Suðurland, fundi formanna og framkvæmdastjóra landshlutasamtaka sveitarfélaga, undirbúning fyrir ársþing samtakanna, undirbúning að endurnýjun á ART samningnum, þátttöku á málþingi Ferðamálastofu þar sem farið var yfir „Samfélagsleg áhrif ferðaþjónustu – ávinningur og áskoranir" og reglubundna fundi framkvæmdastjóra landshlutasamtakanna með Byggðastofnun.

c. Tímabundin ráðning starfsmanns til að sinna umhverfismálum

Formaður kynnir tillögu um tímabundna ráðningu starfsmanns til að sinna verkefnum tengdum umhverfismálum.

Stjórn heimilar tímabundna ráðningu til eins árs enda er staðan full fjármögnuð. Hana skal auglýsa óháð staðsetningu en viðkomandi skal vera með aðsetur á Suðurlandi.

d. Tilnefning á fulltrúum SASS á sveitarstjórnarvettvang EES EFTA

Fyrir liggur ósk forstöðumanns Evrópuskrifstofu sambandsins um tilnefningu SASS á sveitarstjórnarvettvang EES EFTA fyrir seinni hluta tímabilsins 2022 – 2026.

Stjórn samþykkir að skipa Anton Kára Halldórsson formann SASS sem aðalmann og Jóhönnu Ýr Jóhannsdóttur sem varamann.

e. ART verkefnið og nýr samningur

Formaður og framkvæmdastjóri fóru yfir stöðu verkefnisins en núgildandi samningur um það rennur út um áramótin. Árlegt framlag ríkisins hefur verið 30 m.kr. Formlegt erindi hefur verið sent á mennta- og barnamálaráðherra þar sem óskað er eftir að gerður verði 5 ára samningur um rekstur þess.

Stjórn SASS árétttar nauðsyn þess að mennta- og barnamálaráðherra gangi strax frá nýjum samningi um ART verkefnið og að gildistími hans sé til fimm ára. Þannig er hægt að eyða óvissu og halda áfram þessu mikilvæga verkefni. Skelfilegir atburðir og ástandið í samfélaginu kalla á úrræðið eins og ART enda gagnast það öllum og það er í takt við uppbyggingu farsældaráða.

f. Ölfusárbrú

Stjórn SASS tekur undir bókun bæjarstjórnar og bæjarráðs Árborgar tengt undirbúningi að byggingu nýrrar Ölfusárbrúar. „Stjórn SASS skorar á Vegagerðina og ríkisstjórn Íslands að ljúka samningum um nýja Ölfusárbrú og tryggja fjármögnun án tafar. Brýnt er að uppbygging brúarinnar hefjist því þjóðvegurinn gegnum Selfoss annar ekki núverandi umferð og langar raðir liggja daglega um Austurveg. Ný Ölfusárbrú bætir umferðarflæði og -öryggi í og við Selfoss og hún er mikilvæg samgöngubót fyrir Suðurland. Gera má ráð fyrir að uppbygging nýrrar brúar taki um þrjú ár og því er nauðsynlegt að framkvæmdir hefjist í haust."

g. Sunnlenskur mannfagnaður í tengslum við fjármálaráðstefnu sambandsins

Framkvæmdastjóra falin framkvæmd í samræmi við umræður á fundinum.

h. Samantekt frá vinnufundi stjórnar

Lögð fram til kynningar samantekt frá vinnufundi stjórnar SASS sem haldinn var 22. ágúst sl.

i. Menningarverðlaun Suðurlands 2024

Stjórn SASS samþykkir að halda áfram veitingu Menningarverðlauna Suðurlands en þau hafa verið veitt á ársþingi samtakanna. Hún skipar Magnús Karel Hannesson, Margréti Hörpu Guðsteinsdóttur og Gauta Árnason í valnefnd um úthlutun menningarverðlauna 2024. Til vara eru Ása Berglind Hjálmarsdóttir og Arnar Freyr Ólafsson. Ingvi Már Guðnason hjá SASS verður nefndinni til aðstoðar.

j. Nefndastörf

Stjórn SASS vísar umræðu um breytingu á samþykktum og gerð nýs samnings um Áfangastaðastofu til allsherjarnefndar.

Næsti fundur stjórnar verður haldinn föstudaginn 4. október nk. kl. 12:30.

Fundi slitið kl. 14:15

Anton Kári Halldórsson
Árni Eiríksson
Brynhildur Jónsdóttir
Njáll Ragnarsson
Arnar Freyr Ólafsson
Gauti Árnason
Sigurbjörg Jenný Jónsdóttir
Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir
Einar Freyr Elínarson

SORPSTÖÐ SUÐURLANDS

**Fundargerð stjórnar SOS nr. 327**

**Staður:** Fundarsalur SASS að Austurvegi 56, Selfossi

**Dagsetning og tími:** 17. september kl. 15:30.

Mætt voru Anton Kári Halldórsson (AKH), formaður, Ása Valdís Árnadóttir (ÁVÁ), Bragi Bjarnason (BB), Fjóla St. Kristinsdóttir (FSK), og Dagný Sif Sigurbjörnsdóttir (DSS), sem ritaði fundargerð. Þá mættu á fundinn starfsmenn SASS, Elísabet Björney Lárusdóttir í fjarfundarbúnaði og Bjarni Guðmundsson.

**1. Staða úrgangsmála á Suðurlandi**
Elísabet Björney Lárusdóttir fer yfir stöðu á gagnaöflun og vinnu vegna greiningar á stöðu úrgangsmála á Suðurlandi.

**2. Fjárhagsáætlun SOS fyrir 2025 og undirbúningur dagskrár aðalfundar SOS**
Farið yfir stöðu á nýtingu fjármagns skv. fjárhagsáætlun líðandi árs og fyrirkomulag vinnu við undirbúning fjárhagsáætlunar fyrir árið 2025. Farið yfir tillögur að launum stjórnar og gjaldskrá. Farið yfir drög að dagskrá aðalfundar.

Umræða fór fram um framtíðarmöguleika varðandi Kirkjuferjuhjáleigu. Formanni falið að óska eftir minnisblaði lögfræðings um möguleika varðandi sölu eignarinnar til þess að leggja fyrir stjórnina.

**3. Aðalfundargerð Orkugerðarinnar**
Aðalfundargerð Orkugerðarinnar frá 27. júní 2024 lögð fram til kynningar.

**4. Sláturúrgangur – Orkugerðin – hlutverk til framtíðar**
Rætt um áform matvælaráðherra um líforkuver á Dysnesi í Eyjafirði og skorts á samráði við SOS og Orkugerðina vegna verkefnisins.

Stjórn SOS hefur bókað um þessi málefni áður á fundi sínum þann 16. apríl sl. þar sem formanni var falið að óska eftir samráði við viðkomandi ráðuneyti við áframhaldandi vinnslu tillagna að útfærslu fyrir samræmt söfnunarkerfi fyrir dýraleyfar á þeim vettvangi. Var þar bókað að áríðandi væri að koma sjónarmiðum aðildarfélaga SOS að borðinu við þessa vinnu með hliðssjón af því að Suðurland væri stærsta landbúnaðarhéraðið og sveitarfélög á svæðinu hefðu mikilla hagsmuna að gæta í þessum málaflokki. Formaður SOS sendi í framhaldinu erindi til ráðuneytisins vegna málefnisins og átti fund í maí sl. með fulltrúum ráðuneytisins ásamt fulltrúum Orkugerðarinnar.

Áfram bárust fregnir af framvindu verkefnisins í gegnum opinberar tilkynningar ráðuneytisins og sendi stjórnarformaður Orkugerðarinnar ehf. ráðuneytinu bréf vegna málsins undir lok ágúst sl. þar sem fyrirhugaðar framkvæmdir varðandi líforkuver virtust ekki taka mið af þeirri aðstöðu sem hefur þegar verið komið upp í Orkugerðinni vegna úrvinnslu slíks úrgangs. Hefur stjórnarformaður Orkugerðarinnar átt fund með fulltrúum ráðuneytisins í kjölfarið og fagnar stjórn SOS því að með því hafi verið komið á virku samtali ráðuneytisins við Orkugerðina ehf., sem er leiðandi í meðhöndlun úrgangs á þessu sviði á landinu.

**4. Önnur mál**
Engin önnur mál rædd.

Fyrirhugað er að næsti fundur stjórnar verði haldinn mánudaginn 30. september kl. 15:00.

Fundi slitið klukkan 17:20.

Heilbrigðisnefnd Suðurlands

Austurvegi 65a
800 Selfoss
Sími: 480 8250

# Fundargerð

**238. fundur Heilbrigðisnefndar Suðurlands**
**haldinn þriðjudaginn 24. september 2024 kl. 13:00 að Austurvegi 65a, Selfossi**

**Mætt:** Guðrún S. Magnúsdóttir, Fjóla St. Kristinsdóttir, Kjartan Ólafsson, Örn Friðriksson, Oddur Árnason og Sigrún Guðmundsdóttir sem skrifaði fundargerð.

Páll Tómasson boðaði forföll.

Guðrún S. Magnúsdóttir formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna. Gengið var til dagskrár.

## 1. Starfsleyfi, skráning, afturköllun starfsleyfa, umsagnir, rekstraryfirlit

### a) Starfsleyfi

| Málsnúmer | Heiti | Fyrirtæki | Póstnr | Móttekið |
|---|---|---|---|---|
| 2409078HS | Starfsleyfi nýtt vinnsluholur Nesjavöllum | Orka náttúrunnar ehf. | 805 | 20.09.2024 |
| 2409076HS | Starfsleyfi nýtt Ásólfsskáli 2 gisting | MOHE ehf. | 861 | 19.09.2024 |
| 2409072HS | Starfsleyfi nýtt Minni-Borg gisting | TCOB ehf. | 805 | 18.09.2024 |
| 2409071HS | Starfsleyfi nýtt | Mecca of Happiness slf. | 871 | 17.09.2024 |
| 2409057HS | Starfsleyfi, endurnýjun | Penninn ehf. | 900 | 16.09.2024 |
| 2409058HS | Starfsleyfi ný starfsemi | Kálfhóll ehf. | 801 | 16.09.2024 |
| 2409046HS | Starfsleyfi nýtt | Bifreiðaverkstæði Héðins ehf. | 815 | 12.09.2024 |
| 2409045HS | Starfsleyfi nýtt | Viðgerðir Hafliða ehf. | 815 | 12.09.2024 |
| 2409044HS | Starfsleyfi nýtt | Álfahraun ehf. | 815 | 12.09.2024 |
| 2409041HS | Starfsleyfi - vantar samþykki byggingafulltrúa | Litlu Hólar sf. | 871 | 11.09.2024 |
| 2409030HS | Starfsleyfi | Efra-Sel ehf. | 846 | 06.09.2024 |
| 2409023HS | Starfsleyfi ný starfsemi | Midgard Cabins ehf. | 805 | 05.09.2024 |
| 2409026HS | Starfsleyfi Eiríksbraut 8 nýtt gisting | Stök Gulrót ehf. | 806 | 05.09.2024 |
| 2409028HS | Starfsleyfi endurnýjun | Ferðaþjónustan Kot ehf. - Unnarholtskot 3 | 846 | 05.09.2024 |
| 2409020HS | Starfsleyfi tímabundið | Ölverk, Breiðumörk 2, Hveragerði - Einfalt ehf. | 810 | 04.09.2024 |
| 2409022HS | Starfsleyfi,endurnýjun - Set ehf. | Set ehf. vantar greinargerð | 800 | 04.09.2024 |
| 2409010HS | Starfsleyfi | N18 ehf. v/Black Beach Suites - Gisting Norður Fossi | 871 | 03.09.2024 |
| 2409004HS | Starfsleyfi | Pegani ehf. Litla Húsið - Gisting | 801 | 02.09.2024 |
| 2409006HS | Starfsleyfi ný starfsemi | Lerkitré ehf Lerkholt | 851 | 02.09.2024 |
| 2408099HS | Starfsleyfi ný starfsemi veitingastaður Gróðurhúsinu | Dragon Ramen ehf. | 810 | 27.08.2024 |
| 2408092HS | Starfsleyfi eigendaskipti Veitingahúsið Samúelsson | Foss Veitingar ehf. | 800 | 23.08.2024 |

Austurvegi 65a
800 Selfoss
Sími: 480 8250

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 2408074HS | Starfsleyfi endurnýjun | Rangárþing ytra v/Íþróttamiðstöð Hellu | 850 | 21.08.2024 |
| 2408075HS | Starfsleyfi nýtt | Almenningssalerni - Seljalandsfoss ehf. | 861 | 21.08.2024 |
| 2408071HS | Starfsleyfi, endurn og breyt. Lundinn | Dalhraun 6 ehf | 900 | 20.08.2024 |
| 2408063HS | Starfsleyfi - eigendaskipti | Hróðólfur slf. Dalakofinn | 851 | 19.08.2024 |
| 2408055HS | Starfsleyfi - tímabundið frá 14. ágúst til 15. október 2024 | Vigg ehf. – Laufey bistro | | 14.08.2024 |
| 2408052HS | Starfsleyfi - Blómstrandi dagar 2024 | Hveragerðisbær | 810 | 14.08.2024 |
| 2408046HS | Starfsleyfi eigendaskipti | Stracta Hótel Mosfell ehf. | 850 | 13.08.2024 |
| 2408041HS | Töðugjöld 2024 - Starfsleyfi | Rangárþing ytra | 850 | 12.08.2024 |

Ofangreind starfsleyfi eru samþykkt með fyrirvara um jákvæða úttekt heilbrigðisfulltrúa og jákvæða afgreiðslu viðkomandi skipulags- og byggingafulltrúa.

***Í auglýsingu:***

Eftirtalin starfsleyfisskilyrði eru í auglýsingu á heimasíðu Heilbrigðiseftirlits Suðurlands. Starfsleyfi í auglýsingu verða gefin út að auglýsingafresti loknum að því gefnu að ekki berist athugasemdir við útgáfuna. Þar sem engar athugasemdir bárust á auglýsingatímanum hafa neðangreind starfsleyfi verið gefin út.

**Starfsleyfisauglýsingar vegna útgáfu starfsleyfa fyrir mengandi starfsemi sbr. reglugerð nr. 550/2019 til kynningar**

- Auðbert og Vigfús Páll ehf., kt. Kt. 571201-6580, Sunnubraut 15, 870 Vík, vegna vöruflutningamiðstöðvar – að Sunnubraut 15, 870 Vík, sjá slóð hér.

  Frestur til að gera athugasemdir er til og með 8. október 2024

- N18 ehf., kt. 521010-1180, Suðurlandsbraut 4, 108 Reykjavík, vegna fráveitu að Norður-Fossi 1, 871 Vík, sjá slóð hér.

  Frestur til að gera athugasemdir er til og með 23. september 2024

**b) Skráning starfsemi**

| Málsnúmer | Heiti | Fyrirtæki / stofnun | Póstnr | Móttekið |
|---|---|---|---|---|
| 2408113HS | Skráning - Asbest hitaveiturör við Rauðholt | Sveitarfélagið Árborg - sveitarfélag | 800 | 29.08.2024 |
| 2408076HS | Skráning, niðurrif á bílskúr Faxastígur 19 | Magnús Kristmannsson | 112 | 21.08.2024 |
| 2408067HS | Skráning - Flugeldasýning vegna brúðkaups 24. ágúst 2024 | Björgunarsveitin Kyndill | 880 | 20.08.2024 |

Staðfesting skráningar á ofangreindum umsóknum

Austurvegi 65a
800 Selfoss
Sími: 480 8250

## c) Afturköllun / höfnun starfsleyfa

| Málsnúmer | Heiti | Fyrirtæki / stofnun | Póstnr | Móttekið |
|---|---|---|---|---|
| 2409029HS | Höfnun starfsleyfis - andmæli | Búðin Perlan ehf. | 815 | 05.09.2024 |
| 2408081HS | Starfsleyfi hafnað - andmæli | KIR ehf. - sumarhús til leigu | 805 | 21.08.2024 |
| 2408089HS | Afturköllun starfsleyfis, gisting - synjun á rekstrarleyfi. | South Iceland Guesthouse - Gamla fjósið ehf | 861 | 22.08.2024 |
| 2408065HS | Afturköllun starfsleyfis - nýr rekstaraðili | Ferðafélagið Útivist hættir rekstri Dalakofans | 851 | 19.08.2024 |
